

14. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 14. júní 2023 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson, Björn Arnaldsson og Ragnar Mar Ragnarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

- 1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:
 - a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Vinna við vatns- og rafmagnsbúnað inni í nýju masturshúsi er að mestu lokið. Búið er að brjóta alla þekju og annað masturshúsið. Búið er að steypa einn stólpa fyrir ljósamastur, einnig kant við bílaplan og trébryggju. Verið er að vinna við lagnir og undirbúning fyrir steypu á þekju.
 - b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, verið er að vinna við breytingar innan húss og undirbúa viðbyggingu og framkvæmdir utan húss.
 - c) Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram.
 - d) Útboðsgögn vegna stækkunar og hækunar á trébryggju við gafl stálþils við Norðurtanga í Ólafsvík eru tilbúin. Verkið verður boðið út í viku 26.
 - e) Vegagerðin hefur lagt fram tillögu að endurbótum á sjóvörn við Marbakka í Staðarsveit. Fundur var haldinn með húseigendum þann 26.05. s.l. og er málið í skoðun hjá þeim.
 - f) Vinna við framkvæmdir við sjóvörn við Ólafsbraut heldur áfram ásamt vinnu í grjótnámu.
 - g) Búið er að brjóta niður masturshús á Norðurgarði í Ólafsvík og er verið vinna við lokafrágang á rafmagni.
 - h) Unnið er að undirbúningi vegna malbiksframkvæmda hjá hafnarsjóði n.k. sumar.
 - i) Búið er að setja upp nýjan löndunarkrana við Norðurtanga í Ólafsvík og er hann kominn í notkun.
- 2) Leifur fór yfir framkvæmdir
 - a) Unnið við ýmislegt smávægilegt á tjaldstæðum.
 - b) Málaðir gluggar utan Klif. Þarf að fara í að panta og skipta um glugga á bláa sal. Ágætt að taka mál af gluggunum og panta þá. Þeir eru þá til þegar tími og mannskapur gefst til að skipta um.
 - c) Settir nýir vaskar ásamt borðplötu við vaska á karlasalerni Klif.
 - d) Settir skápar og helluborð í eldhús Klifi.
 - e) Það kom í ljós leki yfir sviði á Klifi búinn að fara upp á þak en sá ekki ástæðuna.
 - f) Gera þarf ráðstafanir vegna búsetu að Snæfellási 3a. Húsnæðið þarfnað orðið mikils viðhalds, m.a. vegna t.d. glugga sem eru ónýtír ásamt ýmsu öðru. Taka þarf ákvörðun hvort ráðast eigi í endurbætur eða hvort eigi að finna annað búsetuúrræði.
 - g) Máluð gólf í sundlaugarklefum á Lýsuhóli
 - h) Byrjað að gera við veggi í "leikskólarými" á Lýsuhóli eftir leka sem búið er að koma í veg fyrir.
- 3) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:
 - a) Vinnan í maí hefur að mestu snúist að bolla niður málningu á austurhlíð grunnskólans á Hellissandi, bráðabirgðaviðgerðir á gólfþíð í eldhúsi grunnskólans í Ólafsvík með aðstoð Leifs, auk annarar vinna innan skóla og utan. Nú er svo komið að allar hliðar skólans hafa verið bollaðar niður og öll málning farin af öllum hliðum skólans, einnig hafa þrjár hliðar neðri þakkants verið bollaðar niður. Austurhlíð neðri þakkants er óunnin, eins er með efri þakkant hann er illa farinn af steypuskemmdum og mjög víða liggar járnabinding fram í útbrúnir

Eva

BH

MR.

MPG

VI

AS

kantsins. Þetta verður ekki unnið enda liggur ekkert fyrir um hvað leið verður farin í þakskiptum eða hvernig ganga eigi frá þakkontum. Vonandi verður tekin ákvörðun um það sem fyrst.

- b) Eiríkur Gautsson hefur verið af og til að múra upp útveggi skólans, múrvinna gengur nokkuð vel en nú verður bið á múrvinnu í einhvern tíma vegna fráveru Eiríks en að öllum líkendum verður skólinn fullmúraður og tilbúinn undir málningu seinnipart ágústmánaðar.
- c) Það sem snýr að ísetningu á gluggum bæði í Grunnskólanum á Hellissandi og í Ólafsvík er dapurt og ekkert að gerast í þeim málum. Ég gekk frá því við eiganda Gluggahallarnar síðastliðið haust þegar þeir voru í gluggaísetningum í grunnskólanum á Hellissandi að þeir kæmu til okkar að vori og við fórum þá inná biðlista hjá þeim og að öllum líkendum eru þeir væntanlegir seinnihluta júnímánaðar. Okkur var hinsvegar sagt í febrúar að við mættum búast við mannskap frá ÞB Borg í gluggaísteningar hugsanlega í marsmánuð. Ég vil geta þess að þessir gluggar voru pantaðir haustið 2021 og þá strax áréttið ég að menn yrðu að leggjast í vinnu að tryggja sér iðnaðarmenn til að setja þessa glugga í og áréttið það nokkrum sinnum veturinn 2021 - 2022 og því finnst mér þetta dapurleg framtístaða og vil minna á að nú er komið fram í júní mánuð og sumarfrí framundan.
- d) Ragnar fór yfir það sem er í gangi í gluggamálum. Hann er kominn með loforð fyrir iðnaðarmönnum í júlí og einhverjum í lok júní. Nú þarf að raða verkefnum í forgangsröð miðað við þá iðnaðarmenn sem við fáum. Þar verða eflaust gluggaskipti í skólinum og leikskólanum í fyrsta sæti.



Það sem til stendur í júní mánuði.

- e) Einher málningarvinna innandyra í Grunnskólanum í Ólafsvík.
 - f) Niðurrif á flekahurð og öðru sem til þarf og gera klárt fyrir nýja hurð milli tveggja kennslurýma í Grunnskólanum í Ólafsvík.
 - g) Málun á skólalöðum beggja skólanna bæði bílastæði, rútu svæði og leiksþvæði.
 - h) Aðkoma að umgangshurð á vesturgaffli skólans í Ólafsvík, brekkan þar niður og svæði undir ruslakössum. Þetta þyrfti að taka til athugunar hvort ekki er hægt að malbika í sumar.
 - i) Vagn mun hafa samband við Viðar um að bora loftunargöt í þakkassa á grunnskólanum á Hellissandi.
 - j) Það fór heitavatnslögn í austurálmu grunnskólans á Hellissandi og vinna mun hefjast fljótlega við að leggja rústfriar lagnir og skipta um ofna. Þ.a.l. er búið að vera að taka tæknirýmið í gegn.
- 4) Matthías fór yfir framkvæmdir í íþróttamannvirkjum/slökkviliði:
- a) Verið er að steypa undirstöður fyrir vatnsrennibraut við sundlaugina í Ólafsvík. Gert er ráð fyrir að síðasta undirstaðan verði steypt í næstu viku.
 - b) Útipottar A og B voru tæmdir og þrifnir og dælubúnaður lagaður.
 - c) Vaðlaugin var opnuð í mai. Sánatunnan var færð.
 - d) Öryggismyndavélar voru settar upp við Lýsulaugar.
 - e) Öryggismyndavélar voru settar upp á tjaldstæðinu á Hellissandi.
 - f) Aðgengi var bætt í sundlauginni í Ólafsvík, þröskuldar sagaðir og fjarlægðir.
 - g) Völlurinn á Hellissandi var sleginn. Gálmarnir á vellinum eru orðnir lélegir.
 - h) Þrír ljóskastarar eru bilaðir á vellinum í Ólafsvík og unnið er að því að fá nýja.
 - i) Lagnir og rotþrær á Arnarstapa hafa verið hnittsettar undansfarið, þ.e.a.s. þær sem ekki hafa verið komnar í kerfið.
 - j) Búinn að vera að vinna í að persónuverndarvæða tölvukerfið í grunnskólanum.
 - k) Búið að setja nýja vistu í hitatúbuna í íþróttahúsini á Hellissandi.
 - l) Búinn að vera að vinna í því að finna ástæðuna fyrir hitaleysinu í skólanum, íþróttahúsini og Röstinni á Hellissandi. Ástæðan er fundin og eins og kom fram hjá Vagni hér fyrir ofan, þá er unnið að lagfæringu.
 - m) Búið að kaupa ipad til að setja upp innskráningarkerfi við Lýsulaugar eins og í sundlauginni í Ólafsvík. Þá verður auðveldara fyrir þá sem eiga sundkort að nota það að báðum stöðum.
 - n) Búinn að vera í töluverðum úttektum á vegum slökkviliðsins.



- 5) Ragnar fór yfir ýmsar framkvæmdir:
- Töluvert verið um almennar fyrirspurnir frá fyrirtækjum og einstaklingum vegna mögulegra framkvæmda og skipulagsverkefna.
 - Taka á móti umsóknum og ráða fólk í vinnuskólanum.
 - Talsvert um endurnýjun lóðablaða samhliða nýjum lóðarleigusamningum
 - Þessa vikuna hefur undirbúningur fyrir verkefnið Römpum upp Ísland sem er að fara af stað í Snæfellsbæ í dag. Amk 6 rampar verða settir upp.
 - Undirbúningur fyrir verkefni sumarsins eins og gluggaskipti í nokkrum stofnunum, endurbætur á leikskólalóð Hellissandi, vatnsrennibrautinni og viðbyggingu við leikskólann í Ólafsvík svo eitthvað sé nefnt. Það lítur ágætlega út með að ráða verktaka í flest þessara verkefna.
 - Nokkrar úttektir verið framkvæmdar vegna öryggisúttekta og rekstrarleyfa og skráningarvinna samhliða þeim í skráningarkerfið Bygging.
 - Fundur í umhverfis og skipulagsnefnd á morgun þar sem m.a eigendur hótelsins á Hellissandi munu kynna fyrirhugaða stækkan á hótelinu.
- 6) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:
- Mikil vinna hefur verið á Arnarstapa í kringum rútubílastæðin og stöðuleyfishúsini undanfarið. Mikilvægt að það verði sleppistæði fyrir rúturnar og þær fari síðan og leggi upprá og séu ekki inni á plássinu.
 - Nú þarf að huga að salernisgám á Arnarstapa og fá umsjónaraðila með honum. Ævar ætlar að fara í það verk.
 - Það voru lagaðar vatnslagnir á Arnarstapa sem voru of grunnar.
 - Skipt var um rotþró við tjaldstæðið í Ólafsvík.
 - Settur upp 12000 lítra tankur við rotþró á Arnarstapa. Nú er þar samtals 24000 lítra 4 hólfsa tankar.
 - Búið að grafa og setja niður 3 niður föll í kringum Fellslóð á Arnarstapa og tengja þau. Búið að rétta af planið þannig að vatnið rennur í niður föllin.
 - Verið er að búa til fleiri rútustæði á Arnarstapa.
 - ENN er verið að vinna í Ólafsbraut 23. Þar er búið að mála allar stofurnar. Bið að ganga frá miðrýminu og komið að málningarvinnu þar. Búið að klæða sökkhana á þrijá vegu og tilbúið að keyra að þeim jarðveg.
 - Endurnýjuð skólplögn frá Ennishlið í gegnum lóð á Ennisbraut 23.
 - Skipt var um brunndælu (borholudælu) á Gufuskálum.
 - Verið er að fá tilboð í götumálningu og setja niður hvaða götur og hvaða bílastæði verða málud.
 - Búið að fara yfir fjárgirðingar og sinna hefðbundnum vorverkum.
 - Vinnuskólinn byrjaði á manudaginn eftir verfall. Í þessari viku byrja krakkarnir í sjávarútvegsskólanum, en koma, að honum loknum, í Áhaldahúsið.
 - Það fara að hefjast framkvæmdir á Gufuskálum mjög fljóttlega. Þar verður skipt um þak á litlu blokkinni.
- 7) Næsti fundur verður þriðjudaginn 4. júlí kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:16


Birnir Þorvaldsson

Óscar Heinrich

Matthias Pöll Gunnarsson

Baldur Þórðarsson

Ari Þórðarsson


Vagn Ingólfsson

Jón Ólafsson